

hliðsjón af 71. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 að hluta til, sbr. sáttarafgreiðslur frá 23. apríl 1976 og 14. maí 1980, en jafnframt að hluta til með hliðsjón af 78. gr. nefndra laga vegna sáttarafgreiðslu frá 13. janúar 1981.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 90 daga.

Þá þykir með vísan til 76. gr alm. hegningarlaga nr. 19/1940 rétt, að til frádráttar refsivist komi sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, eða 8 dagar.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 2.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmans.

Dómsorð:

Ákærði, Hallsteinn Sigurjón Gestsson, fæddur 1. desember 1958 í Reykjavík, sæti varðhaldi í 90 daga.

Refsivist til frádráttar komi 8 daga gæsluvarðhald.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 2.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmans.

Mánudaginn 6. desember 1982.

Nr. 83/1982. **Ákærvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Óla Jóni Ólasyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson.

Guðjón St. Marteinson, fulltrúi sakadómarans í ávana- og fíkniefnamálum, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 10. mars 1982. Ágrip dómgerða barst Hæstarétti 15. október sl. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu til refsí-ákvæða, en refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 70. gr., 2. mgr., almennra hegningarlaga. Þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði og 8.000.00 króna sekt. Til frádráttar refsivist komi gæsluvarðhaldstími. Var hann 5 dagar, svo sem ráða má af málgögnum. Frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa og vararefsing 40 daga fangelsi, svo sem segir í héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 4.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Óli Jón Ólason, sæti fangelsi í 2 mánuði, og komi gæsluvarðhaldsvist hans í 5 daga refsingunni til frádráttar. Hann greiði 8.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 40 daga fangelsi í sektarinnar stað, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Páls-sonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 4. desember 1981.

Ár 1981, föstudaginn 4. desember, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 832/1981: Ákærvaldið gegn Óla Jóni Ólasyni.

Málið var höfðað með ákæru, dags. 14. sept. 1981, á hendur Óla Jóni Ólasyni, fæddum 4. mars 1956 á Akranesi, fyrir eftirtalin brot á fíkniefnalöggjöfinni:

„. . . að kaupa í október 1980 1 kg af hassi í Kaupmannahöfn á danskar krónur 20.00 hvert gramm og flytja síðan þar af til landsins allt að 970 grömmum, en mismun notaði ákærði ytra. Síðan að koma efninu til geymslu og sölu hjá Martin Tausen Götuskeggja að Baldursgötu 3 í Reykjavík, en sá fékk síðan til liðs við sig við söluna þá Tryggva Bjarna Kristjánsson og Gunnar Lunddal Friðriksson. Ákærði tók síðan smám saman af efninu allt að helmingi, og verður að ætla, að hann hafi selt það með hagnaði, nefndur Martin Tausen hefur viðurkennt sölu á allt að 40 grömmum, Tryggvi Bjarni á allt að 150 grömmum og Gunnar Lunddal á svipuðu magni. Átti skilaverð til ákærða að vera kr. 10.000 fyrir hvert gramm, en einhver áhöld munu hafa orðið á skilum til hans.“

Framangreind háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur náð sakhæfisaldri, er fæddur á Akranesi 4. mars 1956, og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1972 5/6 á Akranesi: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1973 á Akranesi: Uppvís að brotum gegn 244. gr. hegningarlaga og 155. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 19. febrúar 1973.
- 1973 21/6 á Akranesi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1973 30/10 á Akranesi: Dómur: 12 daga varðhald fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 15 mánuði frá 21/8 1973.
- 1975 21/11 í Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 4., 5., 27., 50. gr. laga nr. 40/1968.
- 1977 3/6 í Reykjavík: Dómur: 125.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. og 50. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Ævilöng svipting frá 18/11 1975.

- 1977 5/12 í Reykjavík: Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.
- 1978 5/10 í Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi (hegningarauki) fyrir brot gegn 244. gr., 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25., 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.
- 1976 23/12 í Skaftafellssýslu: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 2/11 1976.
- 1980 13/8 í Kaupmannahöfn: Dómur: 50 daga fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 58. gr. og 16. gr. danskra umferðarlaga og áfengislögum.
- 1980 27/10 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 1.300 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974, sbr. og 77. gr. hegningarlaga 19/1940.

MÁLSATVIK.

Ákærði í máli þessu var fyrst yfirheyrður hjá lögreglu vegna máls þessa 14. nóv. 1980. Aftur var ákærði yfirheyrður hjá lögreglu 19. s. m. Við greindar lögreglu yfirheyrslur kom ekkert fram, er bent gat til innflutnings ákærða á hassi umfram 140 grömm af hassi, sem ákærði hafði áður játað og lokið því máli með dómssátt 27. okt. 1980.

Var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald þann 21. nóvember 1980. Sat ákærði í gæsluvarðhaldinu til 25. s. m.

Þann 21. október var ákærði enn yfirheyrður af lögreglu, og gerði ákærði þá grein fyrir kaupum sínum á 1 kg af hassi í Christianiu í Kaupmannahöfn þremur vikum fyrr. Kvaðst ákærði hafa notað hluta efnisins í Kaupmannahöfn, en hingað til lands hafi ákærði flutt innan klæða 950—970 grömm af hassi.

Við komuna til Íslands hafði ákærði fljótlega samband við Martin Tausen Götuskeggja, til heimilis að Baldursgötu 3 í Reykjavík. Nefndur Martin ætlaði að annast sölu efnisins fyrir ákærða. Ákærði kvaðst hafa tekið aftur af efninu, eftir að efnið hafi verið afhent nefndum Martin, um 140 grömm. Ákærði kvað Martin hafa afhent sér gkr. 300.000 sem andvirði seldra efna. Auk þess hafi Martin afhent móður ákærða gkr. 500.000, meðan ákærði sat inni og tók út refsingu. Móðir ákærða staðfesti þann 20. nóvember 1980 að hafa mótttekið umrætt fé.

Ákærði var aftur yfirheyrður af lögreglu 24. s. m. og bar þá efnislega á sama veg og rakið hefur verið hér að framan. Kvað ákærði hafa verið um það samið milli sín og Martin Tausen, að sá síðarnefndi skilaði ákærða gkr. 10.000 fyrir hvert selt gramm efnis og hafi Martin því átt að skila ákærða um 8 millj. gkr.

Áðurnefndur Martin Tausen Götuskeggi var yfirheyrður af lögreglu 13. nóvember 1980. Kvað Martin sig hafa fallist á að geyma efnið, meðan verið væri að selja það. Kvaðst Martin hafa aðstoðað ákærða við sölu efnisins ásamt þeim Tryggva Bjarna Kristjánssyni og Gunnari Lunddal Friðrikssyni. Við lögreglu-yfirheyrslu 18. s. m. kvað nefndur Martin sig hafa mótttekið efnið frá ákærða og hafi ákærði haft á orði, að efnið væri um 1 kíló. Martin kom fyrir dóm 20. s. m. og kvaðst hafa notað ótæpilega af efninu ásamt þeim Tryggva Bjarna og Gunnari Lunddal. Kvaðst Martin hafa afhent ákærða gkr. 300.000 sem söluandvirði og þá hafi móður ákærða verið afhentar gkr. 500.000.

Martin kom fyrir dóm 24. s. m. og bar þá, að Tryggvi Bjarni hefði fengið um 120 gr af efninu og Gunnar Lunddal um 200 gr. Samtals hafi andvirði seldra efna verið um 1.5 millj. gkr. og hafi ákærði af þeirri upphæð fengið gkr. 800.000.

Nokkuð ósamræmi var varðandi efnismagn, er ákærði mun hafa sótt aftur heim til nefnds Martin. Við samprófun ákærða og Martin 24. nóv. kvaðst ákærði hafa sótt í mesta lagi 120 gr af hassi á Baldursgötu 3 af þeim 900 gr er ákærði hafi komið með þangað. Kvað Martin þá fyrri framburð sinn um, að ákærði hefði sótt aftur allt að 500 gr vera rangan, og mótmælti Martin ekki framburði ákærða varðandi efnismagn.

Tryggvi Bjarni Kristjánsson kom fyrir dóm 20. nóvember 1980 og kvaðst hafa stundað dreifingu hassefna ásamt Martin Tausen og Gunnari Lunddal á tímabilinu okt.—nóv. 1980.

Gunnar Lunddal Friðriksson kom fyrir dóm 16. desember 1980 og staðfesti ofangreindan hlut sinn í dreifingunni.

Verjandi, Páll A. Pálsson hæstaréttarlögmaður, skilaði skriflegri vörn í málinu 23. nóvember 1981 og gerði þær dómkröfur, að ákærði hlyti þá vægustu refsingu, er lög leyfa, og að gæsluvarðhaldsvist ákærða kæmi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu. Þá krefst verjandi réttargæslu- og málsvarnarlauna sér til handa.

Dómurinn telur sannað, að ákærði hafi í október 1980 keypt 1 kíló af hassi í Kaupmannahöfn og flutt þar af 950 gr hingað

til lands. Fékk ákærði Martin Tausen Götuskeggja til að annast sölu efnisins. Fékk Martin síðan til liðs við sig þá Gunnar Lunddal Friðriksson og Tryggva Bjarna Kristjánsson. Töuverðs magns af ofangreindum 950 grömmum virðist hafa verið neytt af ofangreindum aðiljum, án þess að unnt sé að gera sér grein fyrir magni í því sambandi.

Dómurinn telur sannað, að ákærði hafi frá Martin Tausen fengið a. m. k. gkr. 300.000 og þá hafi móðir ákærða sótt gkr. 500.000 heim til nefnds Martin fyrir ákærða.

Verjandi telur, að óvíst og ósannað sé, að ákærði hafi haft nokkurn hagnað af sölu fíkniefna.

Dómurinn lítur svo á, að ekki verði tekið tillit til kostnaðar við útvegum efna í þessu sambandi, er því litið á andvirði hverrar ólögmætrar sölu sem ólögmætan hagnað.

Samkvæmt því, er að framan er rakið, hefur ákærði unnið til refsingar. Brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 5. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði gekkst undir dómssátt hér fyrir dómi 27. okt. 1980. Ljóst er af gögnum málsins, að brot það, er nú er ákært fyrir, var framið, áður en ákærði gekkst undir framangreinda dómssátt. Verður því refsing ákærða ákvörðuð með hliðsjón af 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Áður var að því vikið, að dómnum þætti sannað, að ákærði hefði í okt. 1980 flutt hingað til lands allt að 950 grömmum af hassi. Af greindum 950 grömmum hefur ákærði með dómssátt, dags. 27. október 1980, lokið afgreiðslu 140 gramma af ofangreindum 950 grömmum. Samkvæmt því er sakarefni hér miðað við 810 grömm.

Að öllu ofanrituðu virtu þykkir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem fangelsi í 4 mánuði. Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu og með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga komi 4 dagar, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi vegna máls þessa.

Með vísan til 49. gr. alm. hegningarlaga er ákærða gert að greiða kr. 8.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Í sektar stað komi fangelsi í 40 daga, verði sektin eigi greidd inn 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá er ákærða með vísan til 141. gr. laga 74/1974 gert að greiða allan sakarkostnað, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmans.

Dómsorð:

Ákærði, Óli Jón Ólason, fæddur 4. mars 1956, skal sæta fangelsi í 4 mánuði. Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 4 dagar, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi.

Ákærði greiði kr. 8.000.00 í sekt il ríkissjóðs. Í sektar stað komi fangelsi í 40 daga, verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Mánudaginn 6. desember 1982.

Nr. 117/1980. **Páll Helgason**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Vestmannaeyjakaupstað

(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Fasteignagjöld. Dráttarvextir. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og settir hæstaréttardómarar Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi hefir skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1980. Hann gerir þar dómkröfur, að stefndi, Vestmannaeyjakaupstaður, verði dæmdur til að leiðrétta fasteignagjaldareikninga hans, þannig að niður verði felldar af reikningum vegna fasteignanna Heiðarvegar 1, Heiðarvegar 3 og Hólagötu 16, Vestmannaeyjum, skuldfærslur á þá vegna dráttarvaxta, sem miðað við áramótin 1976/1977 hafi numið 149.743 gömlum krónum auk dráttarvaxta, er síðan hafi verið reiknaðir á þessa áramótaskuld. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum.